# AUGLÝSING

**um gildistöku alþjóðapóstsamninga.**

Hinn 9. júlí 1985 var svissneska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna eftirtaldra alþjóðapóstsamninga sem gerðir voru í Rio de Janeiro 26. október 1979 og undirritaðir fyrir Íslands hönd sama dag:

1. Almenn reglugerð fyrir Alþjóðapóstsambandið.
2. Lokabókun almennu reglugerðarinnar fyrir Alþjóðapóstsambandið.
3. Alþjóðapóstsamningurinn.
4. Lokabókun Alþjóðapóstsamningsins.
5. Starfsreglugerð Alþjóðapóstsamningsins.
6. Samningurinn um póstböggla.
7. Lokabókun samningsins um póstböggla.
8. Starfsreglugerð samningsins um póstböggla.
9. Samningurinn um póstávísanir og ferðapóstávísanir.
10. Starfsreglugerð samningsins um póstávísanir og ferðapóstávísanir.
11. Lokabókun samningsins um póstávísanir og ferðapóstávísanir.
12. Samningurinn um póstfærslur.
13. Starfsreglugerð samningsins um póstfærslur.
14. Samningurinn um póstkröfusendingar.
15. Starfsreglugerð samningsins um póstkröfusendingar.

Gildistaka samninganna miðaðist við 1. júlí 1981.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. október 1985.*

**Geir Hallgrímsson.**

*Ingvi S. Ingvarsson.*

10. október 1985 Nr. 7

# AUGLÝSING

**um hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna.**

Fullgildingarskjal Íslands vegna hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna var afhent á skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í New York 21. júní 1985. Samningurinn var lagður fram til undirritunar í Montego Bay 10. desember 1982 og undirritaður fyrir Íslands hönd sama dag. Samningurinn var fullgiltur samkvæmt heimild í ályktun Alþingis frá 23. maí 1985. Tilkynnt verður um gildistöku síðar.

Við afhendingu fullgildingarskjalsins var afhent yfirlýsing skv. 298. gr. samningsins.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og yfirlýsingin sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. október 1985.*

**Geir Hallgrímsson.**

*Ingvi S. Ingvarsson.*